

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Vesturhöfn – Örfirisey – Grandagarður 1.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 16. nóvember 2023, breytingu á deiliskipulagi Vesturhafnar – Örfiriseyjar vegna lóðarinnar nr. 1 við Grandagarð. Í breytingunni felst tilfærsla umferðarréttar svo hægt sé að koma fyrir bíla-stæðum við vesturenda lóðarinnar. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Hamrahverfi – Neshamrar 8.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 27. júní 2024, breytingu á deiliskipulagi Hamrahverfis vegna lóðarinnar nr. 8 við Neshamra. Í breytingunni felst að byggingarreitur jarðhæðar er stækkaður til norðvesturs. Innan nýs byggingarreits verður heimilt að byggja bílskýli og viðbyggingu við núverandi hús. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reitur 1.171.0 – Laugavegur 1.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 4. júlí 2024, breytingu á deiliskipulagi reits 1.171.0 vegna lóðarinnar nr. 1 við Laugaveg. Í breytingunni felst að fella úr gildi heimild til að rífa steinhús á bakhluta lóðar, Laugavegur 1A, ásamt því að núverandi leyfilegt byggingarmagn er fært til. Hluti leyfilegs byggingarmagns verður aukið neðanjarðar ásamt að leyfa rishæð yfir jarðhæð fyrir miðri lóð. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Teigahverfi – Hofteigur 23.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 29. ágúst 2024, breytingu á deiliskipulagi Teigahverfis vegna lóðarinnar nr. 23 við Hofteig. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit fyrir bílskúr. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Snorrabraut–Hlemmur – Snorrabraut 27-29.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 5. september 2024, breytingu á deiliskipulagi fyrir Snorrabraut–Hlemmur vegna hússins nr. 29 á lóð nr. 27-29 við Snorrabraut. Í breytingunni felst að heimila svalir út fyrir byggingarreit á ákveðnum stöðum á húsinu. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Blikastaðavegur 2-8.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 5. september 2024, breytingu á deiliskipulagi Blikastaðavegar 2-8. Í breytingunni felst að byggingarreitur 2 er aðlagður að fyrirhugaðri byggingu og byggingarreitur minnkar. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Kennaraháskóli Íslands – Háteigsvegur 35.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 5. september 2024, breytingu á deiliskipulagi Kennaraháskóla Íslands/Sjómannaskólans vegna lóðarinnar nr. 35 við Háteigsveg. Í breytingunni felst fjölgun á byggingarreitum fyrir hjóla- og/eða sorpskýli á lóð, djúpgámasvæði er skilgreint, grenndargámar færðir, svæði fyrir ofan vatnslausnir fært og þakhalla breytt lítillega. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Grafarholt, svæði 3 – Jónsgeisli 89-95.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 12. september 2024, breytingu á deiliskipulagi Grafarholts, svæðis 3 vegna lóðarinnar nr. 89-95 við Jónsgeisla. Í breytingunni felst að heimilt verði að setja milliloft í byggingar, skilgreina nýja byggingarreiti á baklóðum fyrir kaldar geymslur yfir geymslusvæðum og setja gróðurbelti við suður lóðarmörk. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 19. september 2024.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfudagur: 4. október 2024